

FUNDARGERÐ

Fundur Foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness

Dags. Fundar 5. nóvember 2009	Tími 17:00-18:00	Staður Mýrarhúsaskóli	Nr. fundar 3
Fundarboðandi Erla Gísladóttir formaður	Fundarritari Sigurlaug Vilhelmsdóttir ritari		Dags.
Mættir: Erla Gísladóttir, Sólveig Magnúsdóttir, Sigurlaug Vilhelmsdóttir, Anna Margrét Hauksdóttir, Hrefna Björnsdóttir, Hulda Helgadóttir, Sigríður Sigmarsdóttir			

Fundurinn	Abyrgð	Lokið dags.
<ol style="list-style-type: none"> 1. Laufabrauð 2. Bókakynningin á bókasafninu 3. Fréttabréf 4. Innheimta árgjalds 5. Önnur mál 		
<ol style="list-style-type: none"> 1. Laufabrauð <p>Verður 21. Nóvember frá kl. 9:30 – 14:30. Steikingu hætt 14:00. Stjórnin mætir 8:30 til að undirbúa eldhús og sal. Keyptir verða 6 eldavélar sem notaðir verða við steikingu. Innkaup fyrir daginn verða í höndum Sollýar og Sigurlaugar. Stjórnin hittist kl. 17:00 í Mýró til að undirbúa eins mikið og hægt er.</p> 2. Bókakynningin <p>Verður 25. nóvember kl. 17.00 á Bókasafni Seltjarnarness. Pálína bæjarbókarvörður sér um að finna höfunda og fá þá til að lesa upp fyrir börnin. Svali og piparkökur í boði foreldrafélagsins. Erla sendir formlegt bréf á Pálínu til staðfestingar.</p> 3. Fréttabréf <p>Er í vinnslu kemur út í viku 46</p> 4. Innheimta árgjalds <p>Tilraun verður gerð í vetur með að innheimta árgjaldið kr. 1.500 í gegnum Mentor til að spara ca 100.000 í þjónustugjöldum. Foreldrar fá tölvupóst til áminningar.</p> 5. Önnur mál <p>Fulltrúar í skólaráði sögðu frá afar áhugaverðum verklagsreglum til að skýra ferla vegna vinnslu mála þar sem vandi nemenda er mikill. Eins var rætt um að ekki síður er nauðsynlegt að ekki má gleyma að hrósa þeim nemendum sem standa sig vel. Ekki bara einblína á erfiðu nemendurnum. Sambærilegar verklagsreglur eru í vinnslu vegna eineltismála.</p> <p>Þrettándabrennan. Huga að henni í byrjun janúar Nammipokarnir. Athuga með að fá nammipoka fyrir þau börn sem eru með hnetuofnæmi.</p> <p>Vantar einn stjórnarmann í viðbót eigum að vera 9.</p> 		